

## **Tillaga til 489. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. febrúar 2022**

Tillaga frá 1185. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 31. janúar 2022, um að bæjarstjórn samþykki tillögur sviðsstjóra um breytingar á 5. gr., 12. gr., 14. gr., 15., 16. gr., 35. gr., 39. gr., 40. gr., 48. gr., 51. gr., 52. gr. og 62. gr., sbr. minnisblöð dags. 27. janúar 2022.

### **13. Samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 2022 - 2022010049**

Lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 27. janúar 2022, vegna tillögu að breytingum á samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar, vegna lagabreytinga sveitarstjórnarlaga, nýrrar fyrirmyndar um samþykkt um stjórn sveitarfélaga, nýrra leiðbeininga um þátttöku í fundum með rafrænum hætti og ritun gerðabóka. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 27. janúar 2022, þar sem fram kemur samanburður á núverandi samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og ákvæðum samþykktarinnar með breytingatillögum.

Jafnframt lagðar fram til kynningar auglýsing nr. 1180/2021, um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga, auglýsing nr. 1181/2021, um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, og auglýsing nr. 1182/2021, um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur sviðsstjóra um breytingar á 5. gr., 12. gr., 14. gr., 15., 16. gr., 35. gr., 39. gr., 40. gr., 48. gr., 51. gr., 52. gr. og 62. gr., sbr. minnisblöð dags. 27. janúar 2022.*